

Ed. 76. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Frestir þeir, sem um ræðir í 14. og 16. gr. laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, breytist þannig, að ágreiningur milli aðila gangi til Kjaradóms 1. janúar 1971 og Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefnið eigi síðar en 1. febrúar 1971.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Samningaviðræður standa yfir milli fjármálaráðherra og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um laun starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt kjarasamningalögunum á málið að ganga til Kjaradóms 1. nóv. n. k., ef samningar hafa ekki tekizt.

Þar sem samkomulag hefur þegar orðið um nokkur höfuðatriði í væntanlegum kjarasamningi, standa vonir til, að samningar takist, en tími mun ekki vinnast til að ljúka samningaviðræðum fyrir 1. nóv. n. k.

Samningsaðilar eru því sammála um, að æskilegt sé að fá frestum breytt, þannig, að málið gangi til Kjaradóms 1. janúar n. k., hafi samningar ekki tekizt, og Kjaradómur hafi þá kveðið upp úrskurð sinn fyrir 1. febrúar 1971.